

Borgarráð

Tillaga um eflingu minningarsjóðs Gunnars Thoroddsen

Lagt er til að borgarráð veiti borgarstjóra heimild til þess að staðfesta viljayfirlýsingu um eflingu minningarsjóðs Gunnars Thoroddsen fyrrverandi borgarstjóra. Í því felst að borgarsjóður leggur fram 1,3 m.kr. árlega næstu fimm ár í sjóðinn, til móts við árlegt 500 þús. kr. framlag stofnenda sjóðsins.

Greinargerð

Minningarsjóður Gunnars Thoroddsen (f.29.12.1910, d. 1983) var stofnaður af hjónunum Bentu og Valgarð Briem þann 29. desember 1985 þegar liðin voru 75 ár frá fæðingu Gunnars. Sjóðurinn er í vörslu borgarstjórans í Reykjavík, sem ákveður úthlutun úr honum að höfðu samráði við börn Gunnars Thoroddsen, að Völu Thoroddsen ekkju Gunnars genginni. Vala lést árið 2005.

Tilgangur sjóðsins er að veita styrki til einstaklinga eða hópa, stofnana eða félaga, eða veita verðlaun eða lán í sambandi við rannsóknir, tilraunir eða skylda starfsemi á sviði mannúðarmála, heilbrigðismála eða menningarmála, sem Gunnar Thoroddsen lét sérstaklega til sín taka sem borgarfulltrúi og borgarstjóri. Alls hafa þrjátíu einstaklingar, hópar og félagasamtök fengið styrki úr sjóðnum frá upphafi. Til þess að standa undir áframhaldandi starfsemi sjóðsins og úthlutunum í samræmi við stofnskrá hans næstu ár er lagt til að borgarsjóður veiti fjármunum inn í sjóðinn til móts við stofnendur hans eins og nánar greinir í meðfylgjandi viljayfirlýsingu.

Til fróðleiks fylgir yfirlit yfir styrkþega sjóðsins frá upphafi:

Minningarsjóður Gunnars Thoroddsen

Skrá yfir styrkþega frá upphafi:

2. janúar	1986	Jóhann Pétur Sveinsson, lögfræðingur	kr. 100.000
29. desember	1987	Gunnar Guðbjörnsson, söngvari	kr. 120.000
29. desember	1988	Helga M. Ögmundsdóttir, læknir	kr. 150.000
29. desember	1989	Ólafía Hrönn Jónsdóttir, leikkona	kr. 200.000
29. desember	1990	Gunnar Kvaran, sellóleikari	kr. 250.000
29. desember	1991	Sigríður Guðmundsdóttir v. mannúðarmála	kr. 250.000
29. desember	1992	Íþróttasamband fatlaðra	kr. 250.000
29. desember	1993	Nína Margrét Grímsdóttir, píanóleikari	kr. 250.000
29. desember	1994	Halaleikhópurinn	kr. 250.000
29. desember	1995	Hundabjörgunarsveit Íslands	kr. 250.000
29. desember	1996	Jafningjafræðsla framhaldsskólanna	kr. 250.000
29. desember	1997	Stórsveit Reykjavíkur	kr. 250.000
29. desember	1998	Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna	kr. 250.000
29. desember	1999	Margrét Pálmadóttir	kr. 250.000

29. desember	2000	Kristín Rós	kr . 250.000
29. desember	2001	Vinabandið (hljómsveit eldri borgara)	kr. 250.000
30. desember	2002	Ahn Dao Tran v. nýbúamála	kr. 250.000
29. desember	2003	Víkingur Heiðar Ólafsson, píanóleikari	kr.250.000
28. desember	2004	Líknarsamtökin Bergmál	kr . 250.000
27. desember	2005	Stígamót	kr . 250.000
11. janúar	2007	ADHD Samtökin	kr . 350.000
29. desember	2007	Ragna Ingólfssdóttir Íslandsmeistari í badminton	kr . 350.000
07. janúar	2009	Freyja Haraldsdóttir þroskaþjálfanemi og fyrirlesari	kr . 350.000
09. febrúar	2010	Hulda Jónsdóttir	kr . 400.000
30. desember	2011	Björn Thoroddsen, tónlistarmaður	kr. 700.000
5. janúar	2012	Valgerður Hjartardóttir	kr. 500.000
13. febrúar	2013	Skytturnar þrjár	kr. 350.000
5. febrúar	2014	Samtök kvenna af erlendum uppruna	kr. 350.000
7. janúar	2015	Mannúðar og mannræktarsamtökin Höndin	kr. 350.000
1.febrúar	2016	Hrókurinn	kr. 350.000

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Viljayfirlýsing um eflingu minningarsjóðs Gunnars Thoroddsen - DRÖG.

Stofnskrá um minningarsjóð Gunnars Thoroddsen, dags. 6. desember 1985.



**Viljayfirlýsing
varðandi
Minningarsjóð Gunnars Thoroddsen**

Borgarstjóri, Dagur B. Eggertsson, fyrir hönd Borgarsjóðs, Valgarð Briem, kt. 310125-4749, og Gunnlaugur Briem, kt. 270860-5919, gera með sér eftirfarandi samkomulag um uppbyggingu Minningarsjóðs Gunnars Thoroddsen, framlög til sjóðsins og úthlutanir styrkja til næstu ára:

Borgarsjóður mun leggja Minningarsjóði GT til kr. 1.300.000,- árlega næstu 5 árin, samtals kr. 6.500.000,-. Á sama tímabili mun Valgarð leggja sjóðnum til kr. 500.000,- árlega, samtals kr. 2.500.000,- sem ráðstafað verði til úthlutunar úr sjóðnum árlega í samræmi við stofnskrá hans. Með ofangreindum framlögum til uppbyggingar sjóðsins, ásamt ávöxtun höfuðstóls, er að því stefnt að sjóðurinn úthluti árlega amk. kr. 500.000,- í styrki allt til loka starfstíma sjóðsins sem er í árslok 2034.

Greiðslur framlaga skulu inntar af hendi eigi síðar en 1. desember ár hvert. Verði vanefndir á árlegu framlagi Borgarsjóðs fellur skuldbinding Valgarðs til framlaga niður. Falli Valgarð frá á tímabilinu mun Gunnlaugur taka við skuldbindingum hans skv. ofangreindu.

Reykjavík, [Dags].

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri

Valgarð Briem

Gunnlaugur Briem

Vottar:

STOFNSKRÁ
UM
MINNINGARSJÓÐ GUNNARS THORODDSEN

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Gunnars Thoroddsen. Heimili hans og varnarþing er hjá borgarstjóranum í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita styrki til einstaklinga eða hópa, stofnana eða félaga, eða veita verðlaun eða lán í sambandi við rannsóknir, tilraunir eða skylda starfsemi á sviði mannúðarmála, heilbrigðismála eða menningarmála, sem Gunnar Thoroddsen lét sérstaklega til sín taka sem borgarfulltrúi og borgarstjóri.

3. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu borgarstjórans í Reykjavík. Hann ákveður úthlutun úr sjóðnum hverju sinni og hefur um það frjálsar hendur. Þó skal hann hafa samráð um úthlutun við Völu Ásgeirsdóttur Thoroddsen meðan hennar nýtur við, en eftir andlát hennar, eitthvert barna Gunnars meðan þeirra nýtur við.

4. gr.

Úthluta má úr sjóðnum árlega eða sjaldnar eftir því sem borgarstjóra finnst tilefni til. Ekki má úthluta meiru en vaxtatekjum hans hverju sinni.

Höfuðstóllinn skal jafnan verðtryggður. Úthlutun skal fara fram á eða sem næst afmælisdegi Gunnars Thoroddsen.

5. gr.

Eftir 50 ár frá stofnun sjóðsins má úthluta honum öllum í einu lagi eða fleiri hlutum. Skal sjóðurinn þá, eða svo fljótt sem auðið er þar á eftir tæmdur og lagður niður.

6. gr.

Ávallt skal borgarstjóri annast um að í fundargerðum borgarráðs verði getið úthlutana úr sjóðnum, fjárhæða og hverjir hlotið hafi og hvort hafi verið um styrk, verðlaun eða lán að ræða.

7. gr.

Sjóðurinn telst vera stofnaður á sjötugasta og fimmta fæðingardegi Gunnars Thoroddsen.

8. gr.

Stofnfé sjóðsins er minningargjöf Bentu og Valgarðs Briem kr. 1.000.000.- ein milljón króna - sem greiðist í fernu lagi kr. 500.000.- á stofndegi en eftirstöðvarnar í þrem greiðslum sama dag árin 1986-8.

Aðrar tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur og gjafir, sem honum kunna að berast.

9. gr.

Stefnt skal að því að gjafir til sjóðsins verði frádráttarbærar frá skatti skv. 36. gr. reglugerðar nr. 245 frá 1963.

10. gr.

Borgarstjórinn í Reykjavík er ábyrgur fyrir ávöxtun sjóðsins innan þeirra marka sem lög heimila hverju sinni. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega og lagðir fram í borgarráði.

11. gr.

Þegar starfsemi sjóðsins hættir, skulu eignir hans, hafi þeim ekki verið ráðstafað, renna til Borgarspítalans í Reykjavík.

12. gr.

Ákvæðum í 2. gr. um tilgang sjóðsins og ákvæðum 11. gr. um loka meðferð fjár hans má aldrei breyta.

Forseti Íslands

gjörir kunnugt:

Að ég hér með staðfesti skipulagsskrá fyrir Minningar-
sjóð Gunnars Thoroddsen, sem fest er hér við og geymd er
í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu í staðfestu endurriti.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 6. desember 1985.

Samkvæmt skipun forseta Íslands.

F. h. r.

Ólafur Þór
Fin. 168



Staðfesting